

Fundargerð stjórnar BÍS 11/2015. miðvikudaginn 13. maí 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Friður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Gestir: Margrét Vala Gylfadóttir ásamt syni og voru gestir undir lið 4a).

Fjarverandi: Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs og Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs,

Dagskrá:

- 1) Setning:
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
- 3) Fimm mínútur foringjans.
- 4) Meginviðfangsefni
 - a) Tölfræði úr skátastarfi. MVG kynnti tölfræði úr skátastarfi. Stjórn þakkar fyrir MVG fyrir áhugaverða og gagnlega yfirferð úr gögnunum. Stjórn leitar til MVG um að vinna skýrslu og greiningu sem hægt væri að vinna með í haust. MVG samþykkti það. HS er falið vinna með henni og skila af sér skýrslu fyrir sumarfrí stjórnar.
 - b) Starf stjórnar
 - i) Starfsreglur stjórnar. Samþykktar.
 - c) Fundur með Skátasambandi Reykjavíkur. Fundi frestað um óákveðinn tíma.
 - d) Norræna skátapingið. JÞG fór undirbúninginn á þinginu. Upplýsingafundur fyrir íslenska hópinn var haldinn og mætti ca. þriðjungur af hópnum. Dagskrá er klár og undirbúningur gengur vel. Aðalfundur er haldinn á sunnudeginum og JÞG leggur til að hann, FFS og JA stýrir aðalfundi. Stjórn samþykkir að BB og UGS verði fulltrúar BÍS á aðalfundinum.
- 5) Afgreiðslumál.
 - a) Vinnufundur stjórnar og ráða. FFS gerði grein fyrir markmiðum slíks fundar. Stefnt er að því að halda slíkan fund í lok ágúst eða miðjan september. FFS kom með þrjár tillögur um fundaform a) vinnuhelgi b) vinnudagur c) tvö vinnukvöld. FFS sendir tillögu að vinnufundi og fyrirkomulagi á stjórnarmenn. Stjórnarmönnum er falið að ræða við sín ráð og kanna hug þeirra til slíkra fundarhalda og láta JA vita sem fyrst.
 - b) Fundur fólksins. Skátaland hefur tekið að sér að vera með dagskrá fyrir börnin á hátíðinni. Ákvörðun frestað til næsta fundar um hver tekur þátt í viðburðinum fyrir hönd BÍS.

- c) Úlfljótsvatn. HS er falið að hafa samband við Skátasamband Reykjavíkur með tillitfengingu aðila í formennsku Úlfljótsvatnsráðs. Tillaga er að skipa viðkomandi til þriggja ára.
 - d) Erindi frá Arnlaugi Guðmundssyni um utanferðir skáta og málum þeim tengdu. Stjórn þakkar fyrir innsent erindi og er BB og HS falið að svara erindinu.
 - e) Landsþing skátagildanda. FFS mætti á þingið. Hrefna Hjálmarsdóttur lét af störfum sem landsgildismeistari og Þorvaldur Sigmarsson tók við af henni. Stjórn BÍS þakkar Hrefnu fyrir samstarfið á síðustu árum og óskar Þorvaldi velfarnaðar í starfi.
 - f) Ferðabæiðir. Stjórn óskar eftir því að verða upplýst um allar utanferðir BÍS og tengdra aðila sem eru á fjárhagsáætlun. Aðrar ferðir á vegum BÍS sem ekki eru á áætlun þurfa að leggja inn ferðabæiðni fá samþykkt. Einnig óskar stjórn BÍS eftir að fá afrit af ferðaskýrslum að lokinni ferð. HS er falið að hafa samband við helstu hópa.
 - g) Vinnuhópar BÍS. HS er falið að taka saman yfirlit yfir þá vinnuhópa sem eru samþykktir, vista gögnin í stjórnarmöppu og kynna á næsta stjórnarfundum.
 - h) Skátabúningurinn og einkennismerki. Frestað fram til næsta fundar.
 - i) LGBTI roundtable. Frestað fram til næsta fundar.
 - j) Nýliðanámskeið. HS tilkynnti að nýliðanámskeið verður haldið 27.maí kl.20.00 í Skátamiðstöðinni fyrir alla í stjórnnum og ráðum BÍS. Aðilar sem eru nýir í stjórn eða ráðum eru sérstaklega velkomnir. JA er falið undirbúa og boða námskeiðið.
- 6) Fundargerðir / starfsyfirlit
- a) Gögn vegna alþjóðamála BÍS voru lögð fram.
 - b) Gögn vegna aðalfundar Landverndar voru lögð fram.
- 7) Önnur mál
- a) Barneignir stjórnarmanna. Að venju afhenti BB nýbökkuðum foreldrum gjöf vegna nýfæddra barna. FFS fékk gjafabréf vegna fæðingar dóttur 2015 og JÞG fékk gjafabréf vegna fæðingar sonar 2014.

Fundi slitið kl. 19.54

Fundargerð ritaði HS